

**Nd.**

**102. Breytingartillögur**

**[65. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Á undan 1. tölul. koma nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir B. 10 kemur nýr liður:  
*Botnsdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
2. Á eftir B. 11 kemur nýr liður:  
*Grafardalsvegur:* Af Draghálsvégi hjá Geldingadraga um Draghál að Grafardal.
3. Á eftir B. 12 koma nýir liðir:
  - a. *Vatnshamravegur:* Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggstaði á Þjóðveginn hjá Skjólborg.
  - b. *Sarpsvegur:* Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxa-hryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 koma nýir liðir:
  - a. *Katanesvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
  - b. *Reynisvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
  - c. *Hvítanesvegur:* Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi.
5. Á eftir B. 21. koma nýir liðir:
  - a. *Eyjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlstaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
  - b. *Bæjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
  - c. *Stórakroppsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvellingum á Kálfanesmelum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) kemur: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 koma nýir liðir:
  - a. *Hálsasveitarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
  - b. *Skáneyjarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.